

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 217/2006 frá 8. febrúar 2006 um reglur um beitingu tilskipana ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB um að heimila aðildarríkjunum að leyfa tímabundin viðskipti með fræ sem uppfyllir ekki kröfur að því er varðar lágmarksspírunarhæfni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/47/EB frá 23. maí 2006 um sérstök skilyrði að því er varðar flughafra, *Avena fatua*, í sáðkorni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/55/EB frá 12. júní 2006 um breytingu á III. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar hámarksþyngd framleiðslueininga fræs ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt tilskipun 2006/47/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/268/EBE ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE) í 1. hluta:
„– **32006 L 0055**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/55/EB frá 12. júní 2006 (Stjtið. ESB L 159, 13.6.2006, bls. 13).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 44. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/947/EB) í 2. hluta:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 30.11.2006, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 38, 9.2.2006, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 136, 24.5.2006, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 159, 13.6.2006, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 141, 24.5.1974, bls. 19.

- „45. **32006 R 0217**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 217/2006 frá 8. febrúar 2006 um reglur um beitingu tilskipana ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB um að heimila aðildarríkjunum að leyfa tímabundin viðskipti með fræ sem uppfyllir ekki kröfur að því er varðar lágmarksspírunarhæfni (Stjtið. ESB L 38, 9.2.2006, bls. 17).
46. **32006 L 0047**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/47/EB frá 23. maí 2006 um sérstök skilyrði að því er varðar flughafra, *Avena fatua*, í sáðkorni (Stjtið. ESB L 136, 24.5.2006, bls. 18).“

3. Texti 9. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/268/EBE) í 1. hluta falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 217/2006 og tilskipana 2006/47/EB og 2006/55/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.